



# Flokks- og fulltrúaráð, flokkssamtök 1957 – 1958, fyrri hluti

---

Bjarni Benediktsson – Stjórnmal – Flokksráð Sjálfstæðisflokksins – Kjörnefnd Sjálfstæðisflokksins –  
Flokksamtök – Fulltrúaráð – Úrslit kosninganna 1957 – Fulltrúar í hverfastjórnnum 1958 –  
Hverfasamtök Sjálfstæðismanna – Fulltrúaráð Hvatar

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórnmalamaðurinn  
Askja 2-40, Örk 4


©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

TRÚNADARRÁÐ HVATAR

Ásta Björnsdóttir	Bræðraborgarstíg 22A	10376
Ásta Guðjónsdóttir	Sörlaskjóli 64	14252
Auður Auðuns	Ægisföu 86	16090
Brynhildur Kjartansdóttir	Álftamýri 2	34260
Elín Þorkelsdóttir	Freyjugötu 46	12032
Elísabet Kvaran	Skildinganesvegi 48	18988
Gróa Pétursdóttir	Grundargerði 14	34167
Guðrún Helgadóttir	Aragötu 6	18746
Hildur Kærnested	Hólmgarði 11	32801-17060
Ingibjörg Magnúsdóttir	Einimel 9	22712
Jóhanna Zoëga	Hrúgbraut 43	10561
Lóa Kristjánsdóttir	Hjarðarhaga 19	12423
Margrét Halldórsdóttir	Lindargötu 36	16978
Margrét Jónsdóttir	Kleppsvegi 142	38087
Ólöf Benediktsdóttir	Sporðagrunni 12	33074
Ólöf Kristjánsdóttir	Hringbraut 37	17349
Ragnheiður Guðmundsdóttir	Ránargötu 16	14322-14515
Ragnheiður Helgadóttir	Stigahlíð 73	35330
Sigurbjörg Siggeirsdóttir	Melhaga 10	13411
Þórunn Sigurðardóttir	Nesvegi 33	23279
Ingibjörg Guðbjarnardóttir	Lindargötu 29	15127
Grímheiður Pálsdóttir	Miðstræti 6	23554
Lilian Teitsson	Sóleyjargötu 13	13519-11116
Áslaug Árnadóttir	Njálsgötu 15	30507
Gíslína Markúsdóttir	Stýrimannastíg 12	14346
Sigurlaug Bjarnadóttir	Rauðalæk 20	33855
Kristín Hjörvar	Langholtsvegi 141	30816-38311
Gunnlaug Baldvinsdóttir	Tjarnargötu 3	17017-11000
Jarðprúður Maack	Bakkagerði 15	34429



# Hvað eru hverfasamtök Sjálfstæðismanna



## HVAD ERU HVERFASAMTÖK SJÁLFSTÆÐISMANNA?

Hverfasamtökin eru félagsskapur Sjálfstæðismanna í hinum ýmsu hverfum borgarinnar, sem m. a. hafa með höndum eftirtalin verkefni:

- 1) Að halda uppi félagsstarfi meðal Sjálfstæðisfólks innan hverfanna og treysta persónuleg kynni þess, svo sem með fundahöldum og öðrum samkomum.
- 2) Að halda uppi virku og stöðugu sambandi Sjálfstæðisflokksins og íbúa borgarhverfanna, t. d. með því að fá kjörna fulltrúa flokksins á Alþingi og í borgarstjórn til þess að koma á fundi samtakanna og gera þar grein fyrir deilumálum.
- 3) Að berjast fyrir framfaramálum hverfanna.
- 4) Að vinna að sem mestu kjörfylgi Sjálfstæðisflokksins við kosningar til Alþingis og borgarstjórnar.

## HELZTU ÁKVÆÐI ÚR REGLUERÐ FULLTRÚARÁÐSINS, SEM FJALLA UM HVERFASAMTÖK SJÁLFSTÆÐISMANNA:

Hverfasamtök Sjálfstæðismanna skulu vera starfandi í sérhverju borgarhverfi, og skal hverfaskipan haga í samræmi við kjörsvæðaskiptingu borgarinnar hverju sinni.

Stjórn hverfissamtaka skal skipuð fimm mönnum, og þremur til vara sem valdir séu þannig:

- 1) Tveir stjórnarmenn og einn varamaður skulu skipaðir af stjórn Fulltrúaráðsins.
- 2) Þrír stjórnarmenn og tveir til vara skulu kosnir af aðalfundi hverfissamtaka.  
Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.


Hverfissamtök velja fulltrúa í Fulltrúaráðið sem hér segir:

- 1) Á aðalfundi hverfissamtaka skal kjósa einn fulltrúa fyrir hverja 300 kjósendur í hverfinu eða brot úr þeirri tölu, miðað við nýjustu kjörskrá.
- 2) Að loknum hverjum kosningum til Alþingis eða borgarstjórnar skal stjórn hverfissamtaka skipa fulltrúa til starfa í umdæmum innan hverfisins í sambandi við kosningar (umdæmafulltrúa). Hverfi sé skipt þannig niður, að u. þ. b. 300 kjósendur séu að jafnaði í hverju umdæmi, og skulu jafnaðarlega skipaðir tveir fulltrúar fyrir hvert umdæmi. Skipun umdæmafulltrúa er háð samþykki stjórnar Fulltrúaráðsins, sem tekur lokaákvörðun um val þeirra.

Aðalfundur hverfissamtaka skal að jafnaði haldinn í októbermánuði ár hvert og alls eigi síðar en tveimur vikum eftir að Fulltrúaráðið heldur aðalfund sinn. Rétt til setu á aðalfundi á einungis félagsbundið Sjálfstæðisfólk í hverfum. Boði stjórn hverfissamtaka ekki til aðalfundar á réttum tíma, ber stjórn Fulltrúaráðsins að gangast fyrir aðalfundi.

Á aðalfundi skulu tekin fyrir eftirtalin málefni:

- 1) Skýrsla stjórnar um s. l. starfsár.
- 2) Kjör þriggja manna í stjórn samtakanna og tveggja til vara.
- 3) Kjör fulltrúa í Fulltrúaráðið.
- 4) Önnur mál.



HVERFASAMTOK SJÁLFTÆÐISMANNA

ALMENNUSJÁLFTÆÐISFELGIN

Nokkur atriði, sem minnst þarf á í viðtölum við meðlimi Fulltrúaráðsins.

- 1) Að fulltrúarnir hver á sínum stað vinni að sem mestri þátttöku í prófkjörinu. Hvernig? 1) Með starfi innan umdæmanna með venjulegum hætti og 2) með því að láta ekki þar við sitja, heldur fá einnig persónulega vini, kunningja og vinnufélaga til að taka þátt í prófkjörinu. -
- 2) Að í áróðri sínum fyrir prófkjörspátttöku brýni fulltrúarnir fyrir væntanlegum þátttakendum að hafa í huga við val sitt heildarsvip listans, þ.e. að þeir auk hinna pólitísku forystumanna og þeirra, sem hver og einn kann að hafa sérstakar mætur á, kjósi fulltrúa frá helztu atvinnustéttunum, Sjálfstæðiskonum og ungum Sjálfstæðismönnum.
- 3) Að fulltrúarnir kjósi sem allra fyrst eftir að kjörfundur hefst og a.m.k. á laugardeginum (7. marz).
- 4) Að á mánudeginum (9. marz), síðasta prófkjörseginum, gangi fulltrúarnir fram í því á vinnustöðum sínum, að vinnufélagar þeirra, sem þeir telja líklega stuðningsmenn flokksins, og þá hafa ekki þegar kosið, geri það þá á kjörstaðnum í Sigtúni.
- 5) Að verði fulltrúarnir á næstu vikum og mánuðum varir við óánægju hjá Sjálfstæðismönnum, einstaklingum eða ákveðnum hópum, (t.d. yfirlýsingar um, að viðkomandi maður ætli ekki að kjósa flokkinn í næstu kosningum), þá leitist þeir við að ganga úr skugga um orsök óánægjunnar og tilkynni síðan um málið til skrifstofu Fulltrúaráðsins, auk þess sem þeir sjálfir reyni að sjálfsögðu að uppræta óánægjuna.

FULLTRUAR I HVERFASTJÖRNUM 1958.

1. VESTURBAJARHVERFI.

Höskuldur Ólafsson, sparisjstj.	Álfheimar 68	-22190
Guðbjartur Ólafsson, hafnem.	Framnesv. 17	12955
Kristján Jón. Kristjánss., frkvstj.	Hringbr. 32	11876-24210
Jón Guðbjartsson, frkvstj.	Vesturvallag. 3	24122

2. NES- OG MELAHVERFI.

Gísli Halldórsson, arkitekt	Tómasarhaga 31	24376-10576
Páll S. Pálsson, hrl.	Kvisthaga 19	24201-24200
Víglundur Möller, fulltr.	Agissíðu 92	13755-11724

3. MIDBAJARHVERFI.

Hannes Þorsteinsson, stórkaupm.	Skafthl. 28	34212-24455
Þór Vilhjálmsson, lögfr.	Laugav. 66B	14010
Sigurjón Einarsson, skrifststj.	Kleppsveg 48	-22188

4. AUSTURBAJARHVERFI.

Fríðleifur I. Fríðleifsson, bifrstj.	Lindarg. 60	11965-16733 17383
Gróa Pétursdóttir, frú	Úldugötu 24	14374
Ásmundur Einarsson, frkvstj.	Hagamel 40	19224-19422

5. NORÐURMÍRARHVERFI.

Ottó J. Ólafsson	Sörlaskjól 12	13588-15851
Sveinn Björnsson, kaupm.	Leifsgötu 27	15484-18765
Njáll Símonarson, fulltr.	Skólav.st. 21A	19271-16600
Teitur Finnþogason, stórkaupm.	Hrefnugötu 10	15418-17144

6. HLÍDA- OG HOLTANHVERFI.

Sveinn Benediktsson, forstj.	Miklubraut 52	15360-14725
Áxel Sigurgeirsson, kaupm.	Selvogegr. 15	17709-16817
Jónína Þorfinnsdóttir, frú	Stórholt 33	18479

7. LAUGARNESHVERFI.

Viggó Maack, verkfr.	Selvogsgrunn 33	18064-19460
Eiríkur Bjarnason, frkvstj.	Sporðagrunn 1	32381-15774
Þorsteinn Kristjánsson, bifrstj.	Laugarnesv. 42	32963

8. VOGA- OG LANGHOLTSHVERFI.

Gunnar Helgason, erindreki	Efstasund 7	33121-17100
Ingvar Einarsson, skipstj.	Karfav. 39	33769
Magnús Hákonarson, verkam.	Garðsenda 12	16739
Ingvar Ingvarsson, frkvstj.	Efstas. 49	32185-12056

9. SMÁIBÚÐAHVERFI.

Gísli Ólafsson, frkvstj.	Hólmg. 16	34050-22280
Jón Jónsson, skrifststj.	Bústaðaveg 87	34700-11228
Stefán Gunnlaugsson, bifrstj.	Sogaveg 210	36023-17383
Guðm. J. Kristjánsson, aðstm.	Hæðarg. 48	32733-19510



# SJÁLFTÆÐISFLOKKURINN

SKRIFSTOFUR: SJÁLFTÆÐISHÚSINU VIÐ AUSTURVÖLL

Kjörnefnd  
Sjálfstæðisflokksins

Reykjavík, 30. nóv. 1949.

Heiðraði félagi.

Samkvæmt reglugjöf Fulltrúaráðs Sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík hefir nú verið kosin 15 manna kjörnefnd, til þess að gera tillögur um frambjóðendur á lista Sjálfstæðisflokksins við bæjarstjórnarkosningar, sem fram eiga að fara 29. janúar næstkomandi.

Kjörnefndin hefir ákveðið að efna til prófkosninga um val manna á listann, og verður í þessari prófkosningu fylgt eftirfarandi reglum:

1. Kosningin er alveg óbundin, þannig, aðkjósandi ritar á þar til gerðan kjörseðil nöfn 15 manna, er hann óskar, að taki sæti á lista flokksins við næstu bæjarstjórnarkosningar, og í þeirri röð, sem hann kys þá helst.
2. Kosningarrétt hafa:
  - a) Allir skráðir meðlimir Sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík.
  - b) Allir aðrir, sem styðja Sjálfstæðisflokkinn, og eru á kjörskrá í Reykjavík.
3. Meðlimum Sjálfstæðisfélaganna eru send kjörgögn, en aðrir kjósendur greiða atkvæði í kjörklefum í skrifstofu Sjálfstæðisflokksins.
4. Þeir, sem fá send kjörgögn, skulu stinga atkvæðaseðlinum í umslagið, merkt: ATKVÆÐI, loka því og setja það í hitt umslagið, sem er með áletruninni: Til kjörnefndar Sjálfstæðisflokksins, Sjálfstæðishúsinu, Reykjavík. - Þetta umslag se einnig lokað og ritað aftan á það nafn og heimilisfang kjósenda. (Úr þessum umslögum verða atkvæða-umslögin öll sett á einn stað áður en talning hefst, svo að kosningin er fullkomlega leynileg). Meðlimir félaganna verða að sjá um, að atkvæði þeirra séu komin til kjörnefndar áður en kosningu lýkur. Hafi kjörgögn ekki komið til skila til félagsbundinna manna, geta þeir kosið á skrifstofu flokksins.
5. Þeir, sem kjósa í kjörklefa á skrifstofu flokksins, láta kjörseðilinn í innsiglaðan kjörkassa, eins og við almennar kosningar.
6. Kosningin stendur yfir til mánudagsins 5. desember, en skal lokið að kvöldi þess dags - kl. 7.

Kjörnefndin beinir þeirri eindregnu áskorun til Sjálfstæðismanna í Reykjavík, að þeir sinni þessari prófkosningu af fyllstu kostgæfni. Kjörnefndin vill gera það, sem í hennar valdi stendur til þess að hafa ráð sem flestra Sjálfstæðismanna við mannaval á framboðslistann og treystir því, að það muni vel gefast.

Virðingarfyllst,

Kjörnefnd Sjálfstæðisflokksins  
í Reykjavík.



## REGLUGJÖRD

fyrir

### Fulltrúaráð Sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík.

(Upphaflega samþykkt á Fulltrúaráðsfundi 19. marz og 21. maí 1940 og breytt á Fulltrúaráðsfundi 19. nóvember 1958.)

#### 1. gr.

Sjálfstæðisfélagin í Reykjavík, sem hafa verið viðurkennd af Miðstjórn Sjálfstæðisflokksins, sem flokksfélag, mynda með sér ráð, er nefnist:

Fulltrúaráð Sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík.

#### 2. gr.

Í Fulltrúaráðinu eiga sæti:

- a. Fulltrúar, sem skipaðir eru í ráðið til þess að starfa í umdæmum.
- b. Fulltrúar, sem valdir eru í ráðið af félögunum.
- c. Formenn félaganna.
- d. Þingmenn flokksins, bæjarfulltrúar og varafulltrúar þeirra fyrir Reykjavík.
- e. Starfsmenn á skrifstofum flokksins og félaganna í Reykjavík.
- f. Fjármálaráð flokksins.
- g. Formenn félagasambanda Sjálfstæðisflokksins, ef þeir eiga sæti í Reykjavík, svo sem formaður Sambands ungra Sjálfstæðismanna.
- h. Formaður Sjálfstæðisflokksins.

#### 3. gr.

Umdæmafulltrúar, sbr. a-lið 2. gr., skulu vera svo margir, sem þurfa þykir. Þeir skulu vera innritaðir, eða láta innritast í eitthvert flokksfélaganna. Fulltrúar þeir, sem valdir eru í ráðið af félögunum, sbr. b-lið 2. gr., skulu vera helmingi færri en umdæmafulltrúar.

Um val á fulltrúum fer eins og hér segir:

a. Stjórn Fulltrúaráðsins, ásamt 10 mönnum, kosnum af Fulltrúaráðinu skipa umdæmafulltrúa. Þeir skulu skipaðir til óákveðins tíma. Við skipun þeirra skal aðeins taka tillit til þess, hversu líklegir þeir eru til þess að vinna störfin með trúmennsku og dugnaði. Félagasjónarmið má ekki ráða neinu um val þeirra.

Ef vinda þarf bráðan bug að skipun umdæmafulltrúa, skipar stjórnin þá ein til bráðabirgða.

Almenn endurskipun fulltrúa skal fara fram, ef stjórn Fulltrúaráðs og fulltrúaráðsfundur samþykkja það, enda hafi sá fundur verið sérstaklega boðaður hverjum einstökum meðlim ráðsins.

b. Fulltrúar þeir, sem valdir eru í ráðið af félögunum, skulu vera jafn margir fyrir hvert félag. Miðstjórn flokksins er þó heimilt að ákveða að almenna félagið skuli velja fleiri fulltrúa en hin félagin, ef nauðsyn þykir til. Félagin ráða því, hvert fyrir sig, hvaða reglur skuli gilda um val þessara fulltrúa, en þeir skulu valdir til eins árs í senn.

#### 4. gr.

Stjórn Fulltrúaráðsins skipa:

- a. Formenn flokksfélaganna. Í forföllum þeirra koma varaformenn félaganna í þeirra stað.
- b. Menn, kosnir af Fulltrúaráði til eins árs í senn. Þeir skulu vera einum færri en formennirnir.

Fulltrúaráðið kýs jafn marga menn til vara. Stjórnin skiptir með sér verkum. Henni er heimilt að skipa sér aðstoðarmenn við stjórn ráðsins. Stjórn Fulltrúaráðsins skal árlega að loknum hverjum aðalfundi skipa 3 - 5 menn í stjórn hvers hverfis Fulltrúaráðsins. Hún skal semja sérstaka reglugerð um störf og verksvið hverfisstjórna.

5. gr.

Starf fulltrúanna er fólgið í því:

- a. Að afla upplýsinga um flokksafstöðu kjósenda í umdæmum þeirra.
- b. Að fylgjast með bústaðaskiptum kjósenda í umdæmum þeirra.
- c. Að sjá um, að kjósendur flokksins í umdæmum þeirra greiði atkvæði á kjördegi.
- d. Að vinna að sem beztu samstarfi Sjálfstæðisfélaganna í bænum og auka félagatölu þeirra.
- e. Að vinna önnur þau störf, er stjórn Fulltrúaráðs leggur fyrir þá.
- f. Að vinna á skrifstofum flokksins um kosningar og stuðla yfir höfuð í hvívetna að sigri Sjálfstæðisflokksins og útbreiða stefnu flokksins á meðal kjósenda.

Fulltrúar skulu standa í stöðugu sambandi við stjórn ráðsins og gefa henni skýrslu um störf sín.

Verkefni Fulltrúaráðsins er að öðru leyti fólgið í því að vera tengiliður á milli félaganna og hafa með höndum yfirstjórn sameiginlegra mála þeirra.

6. gr.

Stjórn Fulltrúaráðs boðar fundi þess svo oft, sem þurfa þykir, en þó ekki sjaldnar en mánaðarlega yfir vetratímamann. Tuttugu og fimm fulltrúar eða fleiri geta krafist fundar. Ef stjórnin verður ekki við þeirri kröfu innan viku frá því hún barzt formanni, geta þeir kallað saman fund.

7. gr.

Verkefni fulltrúaráðsfunda er að ræða þau mál, sem varða fulltrúana, svo og önnur þau mál, er stjórn og einstakir fulltrúar leggja fyrir fundina.

8. gr.

Þegar kosningar til þings eða bæjarstjórnar standa fyrir dyrum í Reykjavík, skal sérstök kjörnefnd starfa innan Fulltrúaráðsins. Skal hún gera tillögur um frambjóðendur fyrir Sjálfstæðisflokkinn hér í bænum og leggja þær fyrir fulltrúaráðsfund.

Í kjörnefnd eiga sæti:

- a. Stjórn Fulltrúaráðs, sem er sjálfkjörin.
- b. Skipaðir nefndarmenn af stjórnnum félaganna, einn fyrir hvert félag.
- c. Kosnir nefndarmenn af Fulltrúaráðinu, jafn margir og þeir, sem stjórnir félaganna skipa.

Formaður Fulltrúaráðs kallar nefndina saman í fyrsta skipti.

9. gr.

Störf fulltrúa og fulltrúaráðsfunda er algert trúnaðarmál og skal liggja við drengskapur fulltrúanna að halda öllu leyndu, er varðar félögin og starfsemi þeirra, og eigi er ætlast til að vitnist til annarra. Erjótí fulltrúi þessa þagnarskyldu skal víkja honum úr ráðinu. Erjótí fulltrúi að öðru leyti reglugjörð þessa verulega, að álití stjórnar ráðsins, skal fara á sama hátt og framkvæmir stjórnin brottvikninguna.

10. gr.

Leita skal álits Fulltrúaráðs um stjórnarkosningar í félögunum, ef lög þeirra, venjur eða óskir ganga í þá átt. Þeir fulltrúar, sem eru félagar í viðkomandi félagi, hafa einir atkvæði um slíka álitsgjörð.

11. gr.

Aðalfundur Fulltrúaráðs skal haldinn, þegar aðalfundir félaganna hafa verið haldnir. Þá getur stjórnin ákveðið, að hann skuli haldinn fyrr, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Á aðalfundi skal kjósa í stjórn, samkv. 4. gr.

Fulltrúar, samkv. 2. gr. b-lið, skulu og teknir í ráðið á þeim fundi, að svo miklu leyti, sem því verður við komið.

Ennfremur skal stjórn síðasta árs skýra frá störfum Fulltrúaráðs það árið.

12. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi, þegar hún hefir náð samþykki stjórna félaganna og fulltrúaráðsfundar. Um breytingu á henni fer á sama hátt, enda hafi meðlimum ráðsins verið boðaður sérstaklega fundur sá, er um breytingar á reglugjörðinni fjallar.

Ákvæði til bráðabirgða:

Þegar reglugjörð þessi hefir öðlast gildi, samkvæmt 12. gr., skal fara fram endurskipun umdæmafulltrúa í samræmi við ákvæði 3. gr., en að því loknu skulu félögin velja fulltrúa í samræmi við ákvæði sömu greinar.



# SJÁLFASTÆÐISI

SKRIFSTOFUR: SJÁLFASTÆÐISHÚSINU VIÐ AUSTURVÖLL

Miðstjórn

Reykjavík, febrúar 1957.

Kæri trúnaðarmaður.

Um síðustu áramót hafði núverandi ríkisstjórn setið að völdum rúma fimm mánuði. Á þessum stutta tíma hefir stjórninni tekizt að gera að engu allar yfirlýsingar stjórnarflokkanna fyrir kosningar. Miðstjórnin telur því nú hafa fengizt svo ótvíræð reynsla af hinni nýju stjórnarstefnu, að tímabært sé að gera trúnaðarmönnum grein fyrir eðli og samhengi þeirra eftirtektarverðu tíðinda, sem gerzt hafa undanfarna mánuði. Það hlýtur fyrst og fremst að koma í hlut trúnaðarmanna Sjálfstæðisflokksins að inna það þarfa hlutverk af hendi að túlka staðreyndirnar fyrir almenningi. Verður í trúnaðarbréfi þessu rakin í meginatriðunum þróun stjórnmalanna eftir alþingiskosningarnar í sumar og til síðustu áramóta.

Fyrst og fremst vill miðstjórnin nota þetta tækifæri til þess að færa trúnaðarmönnum öllum beztu þakkir fyrir ágætt starf í sambandi við alþingiskosningarnar. Sjaldan eða aldrei hefir harðar verið að flokknum sótt úr ýmsum áttum en við þessar alþingiskosningar. Og með bandalagi Framsóknarflokksins og Alþýðuflokksins var að því stefnt að hnekkja áhrifavaldi Sjálfstæðisflokksins svo um munaði. Þetta tilræði, sem fyrst og fremst átti að byggjast á misnotkun stjórnarskrár og kosningalaga, fór út um þúfur, og var það ekki hvað sízt að þakka ötulu starfi trúnaðarmanna flokksins víðsvegar um land.

## Úrslit kosninganna.

Heildarúrslit alþingiskosninganna urðu sem hér segir:

	Atkv.	%	Kjörd.kosnir þingmenn	Uppbótar- þingmenn	Þingmenn alls
Sjálfstæðisflokkur	35027	42,37	17	2	19
Alþýðubandalag	15859	19,18	3	5	8
Alþýðuflokkur	15153	18,33	4	4	8
Framsóknarflokkur	12925	15,64	17	0	17
Þjóðvarnarflokkur	3706	4,48	0	0	0
Utan flokka	8	0,00			
Greidd atkv. samt.	84355				
Þar af auðir seðlar og ógildir	1024 653				

Í alþingiskosningunum 1953 urðu heildarúrslitin þessi:

	Atkv.	%	Kjörd.kosnir þingmenn	Uppbótar- þingmenn	Þingmenn alls
Sjálfstæðisflokkur	28738	37,1	21	0	21
Sósíalístaflokkur	12422	16,1	2	5	7
Alþýðuflokkur	12093	15,6	1	5	6
Framsóknarflokkur	16959	21,9	16	0	16
Þjóðvarnarflokkur	4669	6,0	1	1	2
Lýðveldisflokkur	2531	3,3	0	0	0

Eins og atkvæðatölurnar bera með sér, nemur fylgisaukning Sjálfstæðisflokksins 6289 atkvæðum og hlutfallstala hans hækkar úr 37,1 % í 42,37 %. Hefir flokkurinn ekki haft svo háa hlutfalls-

...lag Framsóknarflokksins og Alþýðuflokksins tapaði nær 1 þúsund atkvæðum, miðað við atkvæðatölu þessara flokka 1953, og lækkaði hlutfallstala þeirra úr 37,5 % í 33,97 %.

Misnotkun Framsóknarflokksins og Alþýðuflokksins á kosningalög-unum leiddi hins vegar til þess, að þrátt fyrir mikið fylgistað, bættu þessir tveir flokkar við sig þremur þingsætum, en Sjálfstæðis-flokkurinn, sem stórjók fylgi sitt, tapaði tveimur þingsætum. Sjálfstæðisflokkurinn með sín 35 þús. atkv. fær þannig aðeins 19 þingmenn, en Framsóknar- og Alþýðuflokksbandalagið með 28 þús. atkvæði fær 25 þingmenn. Skipan Alþingis nú er því algjörlega röng mynd af þjóðarviljanum, og sýna þessi kosningaúrslit ótvírætt hversu brýn nauðsyn er að breyta þeirri kosningatilhögun, sem við nú búum við.

Þótt Framsóknarflokkurinn og Alþýðuflokkurinn hafi atkvæðalega farið illa út úr kosningunum, þá reyndust þó kjósendur þessara flokka foringjum sínum auðsveipnari en hefði mátt ætla. Tókst þeim í mörgum kjördæmum að ráðstafa öllu sínu fyrra fylgi samstarfsflokknum til stuðnings og reyndust Framsóknarmennirnir sérstaklega auðsveipir. Þetta leiddi auðvitað til þess, að Sjálfstæðisflokknum tókst ekki að halda ýmsum kjördæmum, þar sem flokkurinn ekki áður hafði átt fylgi til jafns við báða hina flokkana. Sjálfstæðisflokkurinn tapaði þannig þingsætum sínum í Hafnarfirði, Barðastrandarsýslu, Siglufirði, Akureyri og Seyðisfirði, en bætti við sig einu þingsæti í Reykjavík, og hlaut flokkurinn þar nú hreinan meirihluta atkvæða og jók fylgi sitt um nær 4700 atkvæði. Rétt er jafnframt að benda á það, að það er ekki aðeins í höfuðborginni, sem Sjálfstæðisflokkurinn hefir aukið fylgi sitt, heldur hefir hann aukið fylgi sitt hlutfallslega í 20 kjördæmum af 28.

Svo sem alþjóð veit, héldu Framsóknarflokkurinn og Alþýðuflokkurinn því fram, að þeir ætluðu með bandalagi sínu að fá hreinan meirihluta á Alþingi, enda þótt þessir flokkar hefðu ekki nema þriðjung þjóðarinnar að baki sér. Átti þetta að gerast með stórfelldri og blygðunarlausri misnotkun á ákvæðum stjórnarskrár og kosningalaga um uppbotarþingsæti. Er þarflaust að rekja þá sögu hér nánar, því að hún er öllum trúnaðarmönnum kunn. Meirihluti landskjörstjórnar hafði talið þessa aðferð hræðslubandalagsins mjög óeðlilega, en taldi hins vegar ekki nægilega heimild í kosningalögum til þess að úrskurða hræðslubandalagsflokkunum sameiginlegan landslista. Kommúnistar höfðu fyrir kosningar tekið mjög eindregna afstöðu með kröfu Sjálfstæðis-manna um að bandalagið hefði einn landslista og hlyti uppbotarþingsæti í samræmi við það. Höfðu kommúnistar storkað Sjálfstæðismönnum og talið þá myndu svíkjast um að úrskurða uppbotarþingsæti Alþýðuflokksins ólögleg, svo sem vera bæri, þegar málið kæmi til kasta Alþingis.

Hinn 31. maí 1956 sagði Þjóðviljinn:

"Hvar lendum við, ef það eiga nú að vera góðar lagaskýringar á Íslandi, að heimilt sé að brjóta anda og tilgang laga? Hvað stoðar að fjargviðrast yfir smáþjófum, svindlurum og bröskurum, ef sú hugsjón heilla stjórnmalaflokka á að standast, að brjóta niður stjórnarskrá, kosningalög og þá undirstöðu lýðræðislegra kosningahátta, að atkvæði kjósenda eigi að ráða skipun Alþingis? Hvernig er komið réttarfari á Íslandi, ef hæstaréttardómari viðurkennir að verið sé að fremja stjórnarskrárbrot og lagabrot, en leggur svo blessun sína yfir afbrotin vegna þess, að hann finnur ekki lagagrein til þess að koma í veg fyrir þau?"

Samkvæmt þessum og fjölmörgum öðrum ummælum Þjóðviljans og einnig kosningablaðs Alþýðubandalagsins, hefði mátt ætla, að ekki

stæði á þingmönnum Alþýðubandalagsins að koma í veg fyrir "þingmannaránið og að aldrei mundi það henda þá að leggja "blessun sína yfir afbrotin"; en þegar málið kom til kasta Alþingis fór þetta á allt annan veg. Þar stóðu kommúnistar við hlið hræðslubandalagsflokka um að verja þingmannaránið, svo að það var að lokum aðeins Sjálfstæðisflokkurinn, sem neitaði að "leggja blessun sína yfir afbrotin". En hvernig skyldi hafa staðið á þessum miklu sinnaskiptum þessara fyrri málsvara réttlætisins? munu menn spyrja. Til skýringar á þeim er hollt að íhuga önnur ummæli úr Þjóðviljanum, sem þar birtust 30. maí 1956. Þar varpar ritstjóri blaðsins ásökunum að Sjálfstæðisflokknum um það, að hann muni bregðast réttlætinu, þegar á þing er komið, og segir svo m.a. í ritstjórnargrein blaðsins:

"Hann (þ.e. Sjálfstæðisflokkurinn) segir: Þið skulið fá að halda hinum ólöglegu þingmönnum, ef við fáum að halda völdum okkar og gróða, ef þið komið með okkur í hægri stjórn eftir kosningar og framkvæmið gengislækkun og kaupbindingu".

Þarna gefur Þjóðviljinn sjálfur hárnákvæma lýsingu á viðbrögðum kommúnista, hvernig þeir seldu réttlætið í stað valda og gróða. Helztu rök kommúnista í sinni aumlegu vörn við umræðurnar á Alþingi voru líka þau, að þar sem þeir væru komnir í stjórn með Alþýðuflokknum og Framsóknarflokknum, þá væri ekki lengur ástæða til að amast við því, þótt þessir flokkar hefðu nælt sér í nokkur þingsæti á ólöglegan hátt. Vinstri flokkarnir hafa sett blett á heiður Alþingis með því að láta það löggilda hið stórfellda brot Framsóknarflokksins og Alþýðuflokksins á stjórnarskrá og kosningalögum. En Þjóðviljinn hefur einnig lýst því, hver muni verða örlög þeirra manna, sem lagt hafa blessun sína yfir "þingmannaránið". Um það kemst blaðið svo að orði í ritstjórnargrein 30. maí 1956:

"En þessir ránsmenn og braskarar gleyma því, að til er einn dómstóll, sem er æðri en landskjörstjórn og Alþingi: kjósendur sjálfir".

#### FRUMKVÆÐI KOMMÚNISTA UM STJÓRNARMYNDUN.

Framsóknarflokkurinn stofnaði til alþingiskosninganna ári áður en kjörtímabilið var á enda. Hefur það jafnan verið háttur Framsóknarmanna, þegar kosningar hafa nálgast, að setja á svið eitthvert sjónarspil í von um flokkslegan ávinning. Í þetta sinn lék flokkurinn djarfar en oftast áður. Klofin var eining lýðræðisflokka um varnarmálin og jafnframt lýst yfir, að Sjálfstæðisflokkurinn væri ekki samstarfshæfur við lausn efnahagsvandamála þjóðfélagsins. Á ofan í æ voru frambjóðendur flokksins og blöð lätin endurtaka þennan boðskap fyrir kosningarnar. Því var lýst yfir, að ekki kæmi til mála að mynda stjórn með Sjálfstæðisflokknum, hvernig sem kosningarnar færu. En hvernig átti þá að mynda stjórn? Í kosningabaráttunni var svo látið heita, að hræðslubandalagsflokkarnir væru öruggir með að ná þingmeirihluta og þannig væri vandinn leystur. Hæpið verður þó að telja, að foringjar Framsóknarflokksins og Alþýðuflokksins hafi í alvöru trúað á þann möguleika, heldur hljóti önnur úrræði til stjórnarmyndunar að hafa verið höfð í huga, þegar fyrir kosningar. Síðustu árin hefur formaður Framsóknarflokksins markvisst unnið að því að grafa undan samstarfi Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins um ríkisstjórn og prédikað ákaft, að vinstri stjórn væri eina leiðin út úr vandanum. Hafði Hermann Jónasson lýst því yfir, áður í áramótahugvekju, að hann gæti vel hugsað sér hálfan kommúnistaflokkinn í þeirri ríkisstjórn. Hermann Jónasson vissi hinsvegar mæta vel, að eftir að glæpaverk Stalíns höfðu verið afhjúpuð og nákvæmar upplýsingar lágu fyrir

frá kommúnistaforingjunum sjálfum um harðstjórnarskipulag kommúnismans, þá myndi þjóðin ekki ginnkeypt fyrir því að leiða kommúnista til hinna æðstu valda í hinu íslenska þjóðfélagi. Hér varð því að setja á svið áferðarfallegt hlutverk í blekkingarleiknum fyrir kjósendum. Kommúnistar voru látnir skipta enn einu sinni um nafn og ganga inn í svo kallað Alþýðubandalag undir forsæti Hannibals Valdemarssonar. En þrátt fyrir þessa nafnbreytingu var andúð fólksins það mikil, að í útvarpsumræðum síðustu dagana fyrir kosningar lýsti formaður Alþýðuflokksins, Haraldur Guðmundsson, því ótvírætt yfir, að ekki kæmi til mála nein stjórnarsamvinna við kommúnista að kosningum loknum. Og sama dag og Alþýðublaðið sagði frá þessum ummælum Haraldar Guðmundssonar, var svo að orði komist í ritstjórnargrein Tímans:

"Hvergi vestan járntjalds í Evrópu, Asíu eða Afríku hefur verið mynduð stjórn með þátttöku kommúnista seinustu 10 árin. Því veldur Moskvubjónusta þeirra. Þetta gildir ekki síður hér. Það breytir ekki neitt þessari staðreynd, þótt kommúnistar flaggi með þeim Finnboga, Hannibal og Alfreð, þeir eru ekkert annað en áhrifalausir bandingjar kommúnista. Með Alþýðubandalaginu verður því ekki hægt að mynda starfhæfa stjórn".

Það voru því vissulega ekki neitt loðnar yfirlýsingar, sem Alþýðuflokkurinn og Framsóknarflokkurinn gáfu kjósendum sínum um afstöðuna til kommúnista. En strax eftir kosningar kom í ljós, að hér hafði verið um blekkingu eina að ræða.

Fyrstu formleg viðbrögð til stjórnarmyndunar urðu þau, að Alþýðubandalagið skrifaði Framsóknarflokknum og Alþýðuflokknum og óskaði eftir því, að viðræðuneindir yrðu skipaðar til þess að kanna möguleika á samstjórn þessara þriggja flokka. Voru þessi tilmæli Alþýðubandalagsins strax samþykkt af hinum flokkunum og viðræður um stjórnarsamstarf þessara þriggja flokka þegar hafnar. Lengst af voru viðræðurnar aðeins milli Framsóknarflokksins og Alþýðubandalagsins, enda var allmikil tregða hjá Alþýðuflokknum að ganga til samstarfs við kommúnista, en engrar tregðu varð vart hjá Framsóknarmönnum, og sannaðist hér sem oft áður, hvernig foringjar Framsóknarflokksins líta á gildi þeirra yfirlýsinga, sem kjósendum eru gefnar fyrir kosningar. Alþýðuflokkurinn átti þó ekki margra kosta vöð, er hann hafði selt sig undir vald Hermanns Jónassonar og gat átt að hætta að missa fjögur þingsæti, ef hann reyndi að malda í mótt. Endalokin urðu því þau, að mótspyrna Alþýðuflokksins og formanns hans einkanlega var brotin á bak aftur, og þann 24. júlí s.l. tók við völdum samstjórn kommúnista, Framsóknarflokksins og Alþýðuflokksins, undir forsæti Hermanns Jónassonar.

Sérstök ástæða er til þess að vekja athygli á þeirri staðreynd, að núverandi ríkisstjórn er raunverulega mynduð af kommúnistum, því að þeir áttu frumkvæðið í samningaviðræðum flokkanna. Framsóknarmenn hafa reynt að ræra það fram til afsökunar stjórnarmyndun með kommúnistum, að Sjálfstæðismenn hafi leitað til kommúnista um myndun ríkisstjórnar, og hefðu þessir tveir flokkar myndað ríkisstjórn, ef núverandi stjórn hefði ekki verið mynduð. Miðstjórnin vill, að öllum trúnaðarmönnum flokksins sé það fullkomlega ljóst, að engar viðræður hafa átt sér stað milli Sjálfstæðisflokksins og Alþýðubandalagsins eða sósíalista um myndun ríkisstjórnar, og allar fullyrðingar um það eru því tilhæfulaus upp þuni. Er líka næsta ótrúlegt, ef slíkar viðræður hefðu átt sér stað, að Alþýðubandalagið skyldi að fyrra bragði leita eftir stjórnarsamvinnu við Alþýðuflokkinn og Framsóknarflokkinn. Er það út af fyrir sig ljós sönnun

þess, hvar kommúnistar hafa búizt við beztum skilningi á sínum kröfum.

#### FERILL RÍKISSTJÓRNARINNAR.

Tvö mál bar hæst í kosningabaráttunni og má segja, að um þau hafi raunverulega verið kosið: Varnarmálin og efnahagsmálin. Voru Sjálfstæðismenn taldir óalandi og óferjandi vegna afstöðu sinnar í þessum málum, og voru vinstri flokkarnir allir innilega sammála um þá fordæmingu. Í málefнасamningi stjórnarflokkanna segir, að ríkisstjórnin muni í utanríkismálum fylgja fram ályktun Alþingis 28. marz s.l., en stefna ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum er næsta loðin, því að í málefнасamningnum segir aðeins, að ríkisstjórnin muni leggja áherzlu á að leysa efnahagsvandamálin í náinni samvinnu við stéttasamtök vinnandi fólks, en auðvitað getur þetta loðmullulega orðalag, samið eftir kosningar, ekki haggað í neinu háttíðlegum yfirlýsingum fyrir kosningar um gerbreytta stefnu í efnahagsmálunum. Annars er málefнасamningurinn mjög stúttorður og ber þess glögg merki, hversu sundurlaus öfl hafa hér tekið höndum saman. Þau málefni, sem til framfara mega teljast, eru ekki annað en framhald þeirrar umbótastefnu, sem fylgt hefir verið undanfarin ár.

Þótt sjálfur málefнасamningur ríkisstjórnarinnar geti þannig að engu leyti talizt sérstaklega merkilegur, er ferill ríkisstjórnarinnar fyrstu 5 mánuði starfstíma hennar hinsvegar mjög eftirtektarverður. Á þessum stutta tíma hefir ríkisstjórninni tekizt að brjóta öll þau helztu loforð, sem stuðningsmönnum þessara flokka voru gefin fyrir síðustu alþingiskosningar. Mun þessi árangur af starfi ríkisstjórnarinnar verá einsdæmi, eigi aðeins hér á landi, heldur þótt víðar væri leitað. Verða hér rakin helztu atriði í afrekasögu núverandi ríkisstjórnar.

#### UPPBÓTARSÆTABRASK HRÆÐSLUBANDALAGSINS.

Loforð: Kommúnistar fordæmdu harðlega, svo sem að framan er greint, misnotkun Alþýðuflokksins og Framsóknarflokksins á kosningalögunum og hétu því að leggja sitt lið á Alþingi til þess að ógilda "þingsætapijófnað" þessara flokka, eins og Þjóðviljinn komst að orði.

Efndir: Fyrsta afrek kommúnista á fyrsta þingi eftir kosningar var að löggilda lögbrotin og þingmannaránið, en úrslit málsins ultu einmitt á atkvæðum kommúnistapiingmannanna.

#### SAMSTARF VIÐ KOMMÚNISTA.

Loforð: Framsóknarflokkurinn og Alþýðuflokkurinn sóru og sárt við lögðu fyrir kosningar, að aldrei myndi til þess koma, að þeir mynduðu stjórn með kommúnistum, og það eigi heldur þótt þeir hefðu skipt um nafn.

Efndir: Báðir þessir flokkar samþykktu samstundis að verða við óskum kommúnista um stjórnarsamvinnu þessara þriggja flokka, án þess að kanna aðra möguleika til stjórnarmyndunar og stjórnarmyndun var lokið eftir skamman tíma.

#### VARNARMÁLIN.

Loforð: Allir 3 stjórnarflokkarnir stóðu að ályktun Alþingis frá 28. marz 1956, þar sem ákveðið var, að varnarsamningnum skyldi sagt upp og hið erlenda varnarlið látið hverfa á brott svo fljótt sem uppsagnarákvæði samningsins



leyfðu, hvert svo sem álit bandalagsþjóða okkar væri á ástandinu í heimsmálum. Tillögu Sjálfstæðismanna um að fresta ákvörðun í málinu til næsta þings, til þess að hægt væri að rannsaka til hlítar margvísleg atriði, sem hlytu að verða forsenda uppsagnarinnar, var felld af þessum sömu flokkum, og í kosningabaráttunni voru Sjálfstæðismenn fordæmdir af málögnum allra þessara flokka fyrir að hafa ekki viljað standa að þessari fljótfærnislegu ályktun meirihluta Alþingis. Um þetta mál höfðu málöggn vinstri flokkanna mörg stór orð fyrir kosningarnar. Stór fyrirsögn í Tímanum 15. júní 1956 hljóðar svo:

"Ef Sjálfstæðisflokkurinn má ráða, verður ekki hreyft við hernum eftir kosningar.

Meirihluti bandalags umbótaflokkanna einn getur tryggt framkvæmd á ályktun Alþingis um varnarmálin".

Þjóðviljinn var þó enn stórorðari og er þarflaust að rekja þau gifuryrði hér. Rétt er aðeins að benda á það, að einn af helztu foringjum kommúnista, Finnþogi Rútur Valdemarsson, setti í ræðu fram 7 ófrávíkjanleg skilyrði fyrir myndun vinstri stjórnar á Íslandi, samkvæmt frásögn Þjóðviljans 23. júní 1956. Eitt skilyrðanna er þetta:

"Engin vinstri stjórn án þess herinn fari tafarlaust úr landi".

Kommúnistar hafa alltaf verið sjálfum sér samkvæmir í baráttunni fyrir varnarleysi landsins. Það vakti hinsvegar mikla athygli meðal frjálsra þjóða heims, þegar tveir lýðræðisflokkanna gerðust aftaníðssar kommúnista og rufu það samstarf lýðræðisflokkanna um varnarmálin, sem byggt var upp meðan Sjálfstæðisflokkurinn fór með stjórn utanríkismálanna. Þessi glæfralegi leikur Framsóknarflokksins og Alþýðuflokksins varð til þess að rýra mjög alvarlega traust og virðingu Íslands meðal lýðræðisþjóða heims, en hinsvegar var ákvörðuninni fagnað ákaft austan járntjalds. Af hálfu Sjálfstæðismanna var á það bent í kosningabaráttunni, að það væri naumast hugsanlegt, að þessi fljótfærnislega ályktun túlkaði raunverulegar skoðanir margra áhrifamanna þessara tveggja flokka á þessu mikla vandamáli, heldur myndi ályktunin vera hugsuð sem vopn í baráttunni við Þjóðvarnarflokkinn annarsvegar og hinsvegar til þess að greiða fyrir væntanlegu stjórnarsamstarfi við kommúnista. Hver er svo dómur reynzlunnar?

Efndir: Þann 6. desember s.l. birti utanríkisráðherra á Alþingi samkomulag milli íslensku og bandarísku ríkisstjórnanna, sem gert var að undangengnum samningaviðræðum um varnarmálin, sem fram fóru í Reykjavík dagana 20.- 24. nóvember 1956.

Meginefni þessa samkomulags er það, að afturkölluð er af Íslands hálfu ákvörðunin um það, að uppsagnarfrestur varnarsamningsins skuli byrja að líða, en áður hafði verið ákveðið, að hann byrjaði að líða þann 1. ágúst s.l. og varnarsamningurinn að öðru leyti framlengdur óbreyttur um óákveðinn tíma. Að vísu fékkst utanríkisráðherra aldrei til þess að svara afdráttarlaust fyrirspurn Sjálfstæðismanna á Alþingi um það, hvort skylt væri eftir sem áður að leita áhlits NATO, áður en samningnum yrði sagt upp. Um þetta er orðalag samkomulagsins mjög óljóst. Samkvæmt samkomulaginu er ákveðið að setja upp sameiginlega nefnd Íslendinga og Bandaríkjamanna, sem fylgjast á með framkvæmd samningsins, vera ráðgefandi um varnarþarfir Íslands og Norður-Atlantshafssvæðisins og undirbúa, að Íslendingar taki að sér störf, er varða varnir landsins. Sé það svo, að nú eigi aðeins að leita áhlits Bandaríkjamanna um nauðsyn varna hér á landi, en ekki áhlits Atlantshafsráðsins, þá verður að telja þá breytingu mjög varhuga-verða.

Kjarni málsins er auðvitað sá, að stjórnarflokkarnir hafa hér allir haft að engu ályktun þá, sem þeir létu meirihluta sinn á Alþingi gera 28. marz 1956, og allar sínar hástemmdu yfirlýsingar fyrir kosningarnar um að láta herinn hverfa héðan á brott svo skjótt sem uppsagnarákvæði varnarsamningsins frekast leyfðu. Hvað snertir Framsóknarflokkinn og Alþýðuflokkinn hefir reynzlan þannig ótvírætt staðfest þá fullyrðingu Sjálfstæðismanna, að yfirlýsingin um uppsögn varnarsamningsins hafi fyrst og fremst verið hugsuð sem kosningabeita. Kommúnistarnir hafa hinsvegar orðið að kingja þessum beiska bita, til þess að fá að vera áfram í ríkisstjórn á Íslandi, því að það er eins og sakir standa þeirra eina bjargarvon. Þeir hafa reynt að afsaka afstöðu sína með því, að framlenging varnarsamningsins ætti aðeins að gilda um fáa mánuði. Utanríkisráðherra hefur sjálfur lýst því yfir á Alþingi, að friðarhorfur í heiminum verði fyrst og fremst afgerandi um það, hvenær varnarsamningnum verði sagt upp. Friðarhorfur eru sannarlega ekki slíkar nú, að líkur séu til, að sú uppsögn komi til framkvæmda á næstunni. Eru enda í undirbúningi margvíslegar framkvæmdir af hálfu varnarliðsins, sem ótvírætt benda til þess, að ekki sé fyrirhugað að tjalda aðeins til einnar nætur. Sjálfstæðismenn fagna því vissulega, að foringjar Alþýðuflokksins og Framsóknarflokksins hafa séð að sér áður en í fullt óefni var komið, þótt stefnubreyting þeirra megni því miður ekki nema að litlu leyti að bæta úr þeim álitshnekk, sem Íslendingar hafa beðið. Reynt er að afsaka fráhrifið frá fyrri yfirlýsingum í varnarmálunum með því, að ástand í heimsmálum hafi stórversnað vegna atburðanna í Egyptalandi og Ungverjalandi og hefir forsætisráðherra í því sambandi, vartanlega til þess að geðjast kommúnistum, lýst því opinberlega yfir á Alþingi, að það væru sérstaklega átökin í Egyptalandi, sem hefðu slæm áhrif á friðarhorfur í heiminum. Varðandi atburðina í Ungverjalandi hélt "Tíminn" því m.a.s. fram, að þeir atburðir drægju raunverulega úr þörfum fyrir varnar, vegna þess að Rússar yrðu nú að einbeita sér að því að treysta áhrif sín meðal leppríkjanna. Framsóknarflokkurinn og Alþýðuflokkurinn gripu hinsvegar fegins hendi þessa átyllu, til þess að hafa að engu kosningaloforð sínu um brottför varnarliðsins og gera sig jafnvel það brotlega að halda því fram, að þrátt fyrir þessa stefnubreytingu, þá haldi þeir enn fast við ályktun Alþingis frá 28. marz. Allir, sem til þekkja, vita hinsvegar mæta vel, að sú staðhæfing Sjálfstæðismanna hefir við full rök að styðjast, að það var aldrei ætlun forustumanna þessara flokka, að láta varnarliðið hverfa á braut, ekki sízt vegna þess að þeir þurftu mjög á fjárhagsaðstoð Bandaríkjanna að halda. Hafa þessir flokkar einmitt enn orðið til þess að bæta ofan á niðurlægingu Íslendinga í varnarmálunum, að tengja beinlínis saman viðræðurnar um áframhaldandi dvöl varnarliðsins hér og óskir um mikla fjárhagsaðstoð frá Bandaríkjunum, til þess að halda lífinu í ríkisstjórninni. Hefur það aldrei áður verið gert í sambandi við umræður um varnarmálin, að láta niðurstöður þeirra verða háðar loforðum gagnaðila um fjárhagsaðstoð.

#### EFNAHAGSMÁLIN.

Loforð: Aðalrök Framsóknarmanna fyrir því að slíta stjórnarsamstarfi við Sjálfstæðisflokkinn voru þau, að með Sjálfstæðisflokknum væri engin leið að leysa efnahagsvandamál þjóðarinnar á viðunandi hátt. Efnahagsmálin voru þannig raunverulega gerð að aðalmáli kosninganna og því yfirlýst, að hinni nýju samfylkingu Alþýðuflokksins og Framsóknarflokksins væri fyrst og fremst ætlað að finna "varanlega lausn" á efnahagsvandamálum þjóðarinnar. Voru mörg gífuryrði á borð borin fyrir kjósendur í dálkum Tímans og annarra málagna Framsóknarflokksins og harðlega fordæmd sú stefna í efnahags- og fjármálum þjóðarinnar, sem fylgt hefði verið undanfarin ár og átti nú að öllu leyti að hafa verið mörkuð af Sjálfstæðisflokknum. Hermann

Jónasson stjórnaði þessari fordæmingarherferð og Eysteinn Jónsson ekki aðeins þagði, heldur jafnvel tók undir ávítturnar, þótt það liggi í hlutarins eðli, að enginn einn ráðherra mótar fremur stefnuna í fjármálum og efnahagsmálum en fjármálaráðherrann.

Það hlaut einnig að vekja sérstaka athygli í sambandi við þessar skyndilegu og heiftúðugu árásir á Sjálfstæðisflokkinn fyrir stefnu hans í efnahagsmálum, að innan ríkisstjórnarinnar var aldrei gerður neinn ágreiningur um stefnuna í þessum málum áður en stjórnarsamvinnunni var slitið, og áður hafði Tíminn og forustumenn Framsóknarflokksins hvað eftir annað haldið mjög þeirri stjórnarstefnu, sem fylgt hefði verið frá 1950, og þótt sjálfir hafa átt stærstan þátt í að marka hana. Má í því sambandi vitna í ummæli eftir Hermann Jónasson sjálfan, þar sem æði mikið kveður við annan tón um hæfni Sjálfstæðismanna til samstarfs um lausn á efnahagsvandamálum þjóðarinnar. Í útvarpsumræðum um vantraust á dómsmálaráðherra, sem fram fóru 6. nóv. 1954, komst Hermann Jónasson m.a. svo að orði:

"Árið 1949 var ríkissjóður og allt atvinnulíf í landinu á barmi gjaldþrots. Enginn stjórnámálamaður hefði getað bent á nokkra frambærilega leið til þess að taka þá upp nauðsynlega stefnubreytingu í fjármálum og mynda stjórn til að framkvæma hana nema það samstarf, sem þá var til stofnað undir forustu Framsóknarflokksins".

Og um árangur þessarar stefnu í efnahagsmálum þjóðarinnar komst Tíminn svo að orði 23. jan. 1955:

"Óhætt má segja, að árin 1951-1954 hafi verið ein mestu framfaræ- og velmegunarár á Íslandi. Það var að þakka stefnubreytingunni 1950. Hinsvegar hefðu þau orðið hin mestu kreppu- og atvinnuleysisár, ef óbreyttri stefnu hefði verið fylgt. Stefnubreytingin 1950 bar því vissulega tilætlaðan árangur".

Þessi tvö ummæli og sú staðreynd, að ráðherrar Framsóknarflokksins gerðu aldrei ágreining innan fyrrverandi ríkisstjórnar um stefnuna í efnahagsmálum, sanna glögg, að einnig þessi ástæða til samvinnuslita við Sjálfstæðisflokkinn var tilbúin. Og tilgangurinn sá einn að fá grundvöll undir myndun nýrrar samfylkingar í íslenskum stjórnámálum, sem væri í anda formanns Framsóknarflokksins, Hermanns Jónassonar, hvaða afleiðingu, sem myndun þeirrar samfylkingar kynni að hafa í för með sér fyrir íslenzku þjóðina.

En úr því að samstarfinu var slitið, fyrst og fremst á grundvelli ágreinings um efnahagsmálin, þá varð hin nýja samfylking Framsóknarflokksins og Alþýðuflokksins að sjálfsögðu að lofa þjóðinni gerbreyttri stefnu. Ella hlaut þjóðin annað hvort að líta á allar staðhæfingar forustumanna þessara flokka sem marklaust þvaður, eða þá að þeir væru alls ekki hæfir til þess að leysa þann vanda, sem þeir buðu þjóðinni nú að takast á hendur. Það skorti heldur ekki á stór loforð í þessum efnum fyrir kosningar.

Í málefнасamningi Framsóknarflokksins og Alþýðuflokksins var því átakanlega lýst út í hvílíkt kviksyndi efnahags- og fjármál þjóðarinnar væru komin og þar heitið að taka upp gerbreytta stefnu, og ritstjórnargrein í Tímanum þann dag, sem málefнасamningurinn var birtur, bar yfirskriftina: "Brotið blað í stjórnmalasögunni". Í útvarpsræðu þann 20. júní lýsti Hermann Jónasson yfir:

"Það er kosið um vaxandi upplausn, pólitíska og efnahagslega, eða gjörbreytt viðhorf með sigri bandalags umbótaflökkanna".

Og Tíminn sparaði heldur ekki þessa dagana að lýsa þeim úrræðum, sem fyrrverandi ríkisstjórnir höfðu gripið til, í því skyni að sporna gegn vexti verðbólgunnar og koma í veg fyrir stöðvun útflutningsframleiðslunnar. Um niðurgreiðslurnar komst Tíminn svo að orði 8. júní 1956:

"Niðurgreiðsluleiðin er engin frambúðarlausn, heldur hættuleg svikaleið, sem brátt hefnir sín, ef hún er framkvæmd í eins stórum stíl og íhaldið vill og er þegar komið of langt á þeirri braut".

Daginn fyrir kosningar birtist í Tímanum ritstjórnargrein, sem bar yfirskriftina "Deyfilyf íhaldsins". Segir þar m.a.:

/og kommúnistum  
í sameiningu

"Þess vegna er hugmynd Sjálfstæðisforingjanna að halda áfram sem fyrr eftir kosningar, ef þeim/tekst að koma í veg fyrir sigur umbótarflokkanna. Þá verður haldið áfram með bráðabirgðaúræði eins og síldaruppbæturnar síðustu, aukna skattheimtu af almenningi í einni eða annarri mynd meðan sárustu kvalirnar minnka með gróða af hernaðarframkvæmdum og hervinnu. Þannig er mynd þess þjóðfélags, sem íhaldið byggir á, eyðileggjandi dýrtíð og upplausn, sem halda landsfólkinu í úlfakreppu annarsvegar en hinsvegar von um líkn frá erlendu fjármagni, sem tengd er varanlegri hersetu".

Þegar svo hinn nýi forsætisráðherra ávarpaði þjóðina 28. ágúst 1956 í sambandi við skerðingu vísitölnunnar hélt hann enn áfram að fordæma hinar fyrri ráðstafanir, sem hann að vísu sjálfur hafði átt þátt í, og lýsti afleiðingunum, ef ríkisstjórninni ekki tækist að marka nýja stefnu. Komst hann m.a. svo að orði:

"Ráðstafanir síðasta Alþingis voru með þeim hætti, sem kunnugt er, að ekki varð hjá því komist að leggja álögurnar sumpart á lífsnauðsynjar þjóðarinnar. Um leið og þær komu framleiðslunni af stað til bráðabirgða leiddu þær af sér sjálfkrafa vaxandi dýrtíð og aukinn framleiðslukostnað og undirbjuggu þær af leiðandi auðvitað hættu á stöðvun framleiðslunnar að nýju".

"Ég hygg, að þjóðin hafi þegar gert sér ljóst, að atvinnulíf og fjármálakerfi með sívaxandi dýrtíð er helsjúkt og þessi sjúkdómur leiðir til fjárhagslegs ósjálfstæðis, ef ekki er að gert".

"Nú þarf meginþorri þjóðarinnar að vera samtaka um að búa sig undir þær ráðstafanir, sem til frambúðar mega verða. Ef það tekst, og því aðeins að það takist, mun þjóðin skapa sér heilbrigða atvinnuvegi og jafnframt tryggja öruggar og jafnar framfarir, stöðuga atvinnu og velmegun í landinu".

Í ummæli Alþýðuflokksins þarf ekki að vitna, því að þau voru aðeins bergmál af ummælum Tímans og Hermanns Jónassonar. En kommúnistar voru ekkert myrkir í máli um þá gerbreyttu stjórnarstefnu, sem yrði að taka upp, ef þeir yrðu aðilar að ríkisstjórn. Má þar enn vitna í skilyrði kommúnista fyrir myndun vinstri stjórnar, sem sett voru fram í ræðu Finnboga Rúts Valdemarssonar rétt fyrir kosningarnar. Þar segir svo:

"Engin vinstri stjórn verður mynduð um stefnu Býstórnar Jónassonar í Beisnakaáttum Reykjavíkur

skattamálum. Engin vinstri stjórn lætur viðgangast að kjör vinnandi fólks versni vegna dýrtíðar og aukinna skatta. Engin vinstri stjórn grápur til gengisfellingar".

Á kjördag birti Þjóðviljinn stórletrað ávarp á forsiðu og má þar finna þessa yfirlýsingu:

"Í dag hefur öll alþýða, allir vinstri menn, tækifæri til þess að gera Alþingi að vígi sínu, að brjóstvörn sjálfstæðis og velmegunar, í stað gengisfellingar getur komið nýsköpun, í stað tolla og skatta og kaupbindingar getur komið hækkanði kaupmáttur launanna, í stað hernáms getur komið blómlegt atvinnulíf frjálsrar þjóðar, sem býr ein í landi sínu".

Af þessum ummælum og fjölmörgum öðrum, sem lesa mátti í málögnum núverandi stjórnarflokka fyrir kosningarnar, er augljóst, að allir þessir flokkar, einnig Framsóknarflokkurinn, fordæmdu harðlega þá stefnu, sem fylgt hafði verið í efnahagsmálunum og lofuðu gjörbreyttri stefnu, þar sem horfið skyldi frá þeim úrræðum, sem áður hafði verið gripið til. Og Hermann Jónasson, forsætisráðherra, lýsti því meira að segja yfir í áðurgreindri útwarpsræðu, að því aðeins gæti þjóðin átt sér blómlega framtíð, að ríkisstjórninni tækist að marka nýja stefnu í efnahagsmálunum og finna það, sem hann kallar frambúðarlausn. Loforðin og heitstrengingarnar eru því ótvíræðar.

Efndir: Og nú hafa efndir allra þessara stóru loforða verið skjalfestar og bjargráðin send þjóðinni sem jólagjaf með lögfestingu frumvarps ríkisstjórnarinnar um útflutningssjóð o.fl., sem lagt var fyrir Alþingi nokkrum dögum fyrir jól og afgreitt sem lög á þremur sólarhringum. Skal nú nokkur grein gerð fyrir þessum bjargráðum og þau metin með hliðsjón af fyrri yfirlýsingu stjórnarflokkanna.

Forsmekkur bjargráðanna kom í lok ágústmánaðar, þegar ríkisstjórnin gaf út bráðabirgðalög þess efnis, að ekki skyldi koma til framkvæmda sú 6 stiga hækkan á kaupgjaldsvísitölu, sem verða átti 1. sept. og verðlag landbúnaðarvara skyldi reiknað út með hliðsjón af þessari ákvörðun.

Reynt hefir verið að halda því fram af stjórnarsinum, að Sjálfstæðisflokkurinn hafi snúist öndverður gegn þessum ráðstöfunum til þess að sporna við vexti verðbólgunnar. Það er mikill misskilningur. Sjálfstæðismenn hafa allra flokka mest varað við hinum alvarlegu afleiðingum verðbólguþróunarinnar fyrir atvinnulífið í landinu og fagna því jafnan hverri skynsamlegri ráðstöfun til þess að vinna gegn vexti dýrtíðarinnar. Hitt lá í augum uppi, að Sjálfstæðismenn hlytu að benda á þá stórkostlegu kollsteypu, sem kommúnistar tóku með stuðningi sínum við þessar ráðstafanir, enda var það meira að segja annar ráðherra þeirra, Hannibal Valdemarsson, sem var ábyrgur fyrir útgáfu umræddra bráðabirgðalaga. Jafnframt hlutu Sjálfstæðismenn að benda á það, að hefðu tillögur þeirra um auknar niðurgreiðslur verið teknar til greina fyrr á árinu, þá hefði ekki þurft að grípa til þess óyndisúræðis að ógilda með lögum ákvæði gildandi kjarasamninga milli verkamanna og vinnuveitenda. Að öðru leyti töldu Sjálfstæðismenn að biða yrði með að dæma þessar ráðstafanir þar til ríkisstjórnin leggði fram hin varanlegu úrræði sín í efnahagsmálunum, er stjórnarflokkarnir höfðu boðað, því að augljóst væri, að hér væri aðeins um bráðabirgðaráðstafanir að ræða, svipaðar þeim, sem stjórnarflokkarnir höfðu mjög fordæmt hjá fyrrverandi ríkisstjórn.

Hlutdeild kommúnista í þessum ráðstöfunum er sérstaklega lærdómsrík. Þeir hafa jafnan haldið því fram, að það væri ekki

kaupgjaldið, sem orsakaði vöxt dýrtíðarinnar, heldur verðlagið, Ög fyrst ætti að byrja á að lækka verðlagið og síðan mundi kaupið lækka af sjálfu sér. Hafa þeir talið það sýna sérstakan fjandskap, þegar Sjálfstæðismenn hafa varað við launahækkunum, sem ekki styddust við aukningu framleiðslunnar eða bætta hag atvinnuveganna. Kom þetta einkum til greina í sambandi við verkfallið mikla 1955. Sjálfstæðismenn voruðu þá við afleiðingum kauphækkana, en kommúnistar töldu þá stórkostlegar kauphækkningar einu leiðina til bættra lífskjara fyrir launþega. Er það næsta kaldhæðnislegt, að það skuli verða fyrsta verk kommúnista, eftir að þeir gerast aðilar að ríkisstjórn, að gera að engu með löggjöf þær kauphækkningar, sem fengust eftir 6 vikna verkfall. Betri staðfestingu geta Sjálfstæðismenn ekki fengið á gildi sinna kenninga.

Það furðulegasta í málinu var þó það, að forsetisráðherra reyndi að koma af ríkisstjórninni ábyrgð á þessum aðgerðum. Hélt hann því fram í útvarpsávarpi sínu, að það væri raunverulega stétta-samtök bænda og verkamanna, sem hefðu komið sér saman um þessar ráðstafanir og ríkisstjórnin ekki gert annað en að lögfesta það samkomulag. Síðar hefur komið í ljós, að ráðstafanir þessar voru aldrei formlega þonar undir stjórn stéttasambands bænda eða framleiðsluráð landbúnaðarins og verkalyðssamtökin féllust á ráðstafanirnar með sérstakri skírskotun til þess, að hin varanlegu úrræði ríkisstjórnarinnar mættu ekki verða til þess að skerða frekar kjör launþega. Um þetta atriði komst Þjóðviljinn svo að orði 28. ágúst 1956:

"Samkomulagið er til þess gert og bundið því skilyrði, að samið verði um varanlega frambúðarlausn efnahagsmálanna fyrir áramót. Verði það ekki gert koma aftur til framkvæmda fyrri ákvæði um kaupgreiðslur og verðlag".

Í Alþýðublaðinu 30. ágúst 1956 segir svo:

"Ög fresturinn fram að næstu áramótum mun skera úr um það, hvort hægt verði að gera drauminn um róttækar ráðstafanir í efnahagsmálunum og stöðvun dýrtíðarinnar að veruleika. Hann þýðir ekki aðeins vinnufrið ríkisstjórninni til handa, heldur undirbúning annars meira og betra".

Ög Þjóðviljinn gefur þann 30. ágúst 1956 leiðbeiningu um það hvernig hinar endanlegu aðgerðir eigi að vera, með þessum orðum:

"Endanlegar aðgerðir ber auðvitað að gera á kostnað þeirra auðfélaga og braskara, sem rakað hafa saman óhemjugróða á undanförunum árum og legið hafa eins og mara á öllum almenníngi. Það eru hinar endanlegu aðgerðir, sem öllu máli skipta og almenníngur væntir þess, að það hlé, sem nú gefst, verði hagnýtt vel af ríkisstjórninni og sérfræðingum hennar".

En þótt kommúnistar hefðu með festingu vísitölunnar svikið allar sínar fyrri yfirlýsingar um þau efni, þá voru þeir ekkert feimnir við að gerast talsmenn nýrra yfirlýsinga verkalyðssamtakanna, sem þeir þó sjálfir voru fyrirfram reiðubúnir til þess einnig að svíkja. Á 25. þingi Alþýðusambands Íslands nú í vetur, sem laut leiðsögn og forustu kommúnista, var gerð sérstök ályktun um atvinnumál, þar sem segir svo m.a.:

"Þingið lýsir því yfir, að við aðgerðir þær í efnahagsmálunum, er nú standa fyrir dyrum, er það algert lágmarksskilyrði

verkalýðshreyfingarinnar að ekkert verði gert, er hafi í för með sér skerðingu á kaupmætti vinnulaunanna og að ekki komi til mála, að auknum kröfum útflutningsframleiðslunnar verði mætt með nýjum álögum á alþýðuna".

#### BJARGRÁÐ RÍKISSTJÓRNARINNAR.

Nokkrum dögum fyrir jól voru svo loksins lagðar fyrir Alþingi tillögur ríkisstjórnarinnar um frambúðarlausn efnahagsvandamála. Þar gat að líta hina gerbreyttu stefnu, sem Hermann Jónasson hafði svo ákaft túlkað fyrir alþingiskosningarnar, að ógerlegt væri að fá Sjálfstæðisflokkinn til samstarfs um. Þar gat jafnframt að líta efndir kommúnista og Alþýðuflokksins á þeirri yfirlýsingu Alþýðusambandsins, að ekki mætti mæta auknum kröfum útflutningsframleiðslunnar með nýjum álögum á alþýðuna. Þar var að finna efndir á því loforði Þjóðviljans 30. ágúst, að hinar endanlegu aðgerðir ætti að gera á kostnað auðfélaga og braskara. Að öllu þessu munu menn hafa leitað í hinum nýju bjargráðatillögum ríkisstjórnarinnar, en ennþá sem komið er a.m.k. hefur enginn getað fundið þar nokkrar minnstu efndir á öllum þessum fyrirheitum. Hinsvegar verkaði hver lína í þessu frumvarpi ríkisstjórnarinnar sem háðsmerki aftan við fordæmingar stjórnarflokkanna á þeim ráðstöfunum, sem gerðar höfðu verið, og stærst var þó háðsmerkið aftan við þær margendurteknu staðhæfingar Framsóknarföringjanna, að efnahagsvandamálin yrðu ekki farsællega leyst fyrir en Sjálfstæðismenn væru komnir úr ríkisstjórn.

Frumvarp ríkisstjórnarinnar var til umræðu hjá fulltrúum verkalýðsfélaganna í rúma viku áður en frumvarpið var lagt fyrir Alþingi. Fáum dögum áður en það var lagt fram var það einnig sent Framleiðsluráði landbúnaðarins til umsagnar. Sjálfstæðisflokkurinn fékk frumvarpið hinsvegar ekki í hendur fyrir en seint kvöldið áður en því var útbýtt í Alþingi. Engu að síður fór ríkisstjórnin þess á leit við Sjálfstæðisflokkinn, að hann greiddi fyrir því, að hægt væri að afgreiða málið á þremur dögum. Við athugun á frumvarpinu kom í ljós, að frá því var þannig gengið í öllum atriðum, að útilokað var nema með mjög mikilli vinnu að gera sér nokkra raunverulega grein fyrir því, hvað í frumvarpinu fælist. Engu að síður vildi Sjálfstæðisflokkurinn ekki bregða fæti fyrir það, að auðið væri að afgreiða málið fyrir jól, svo að nauðsynlegur undirbúningur vertíðar gæti hafizt í tæka tíð. Hér eru engin tæk á að rekja í einstökum atriðum efni þessa "bjargráðafrumvarps" vinstri stjórnarinnar eða áhrif löggjafarinnar, enda er sannast sagna enn margt á huldu um það, hvað í löggjöfinni felst og hver áhrif hennar verða í ýmsum atriðum.

Meginatriði málsins eru þó ljós, og þau fela í sér yfirlýsingu um alger gjaldprot stjórnarstefnunnar. Hin nýju úrræði eru í því fólgin að leggja á þjóðina stórkostlega nýja skatta, til þess að hækka styrki til útflutningsframleiðslunnar, svo að hún geti gengið á þessu ári. Eina nýngin er sú, að ríkisstjórnin hefir í skattaálögum sínum gerst miklu stórtækari en nokkur önnur ríkisstjórn í landi voru. Fyrrverandi ríkisstjórn lagði um næstsíðustu áramót á nýja tolla og skatta, sem námu samtals um 150 millj. kr. Núverandi ríkisstjórn viðheldur öllum þessum álögum, þótt undir nýjum nöfnum séu, og bætir ofan á þær 250-300 milljónum kr. í nýjum tollum og sköttum. Er öll þessi upphæð tekin með almennum neyzlusköttum.

Á þessu stigi málsins er raunar gersamlega útilokað að sannreyna, hversu miklar hinar nýju álögur eru og raunar einnig erfitt að átta sig á upphæð hinna nýju styrkja til útflutningsframleiðslunnar. En eftir upplýsingum, sem forsætisráðherra

gaf á Alþingi, eru hinir nýju styrkir og skattar sem hér segir:

Hinir nýju skattar skiptast þannig:

Hækkun innflutningsgjalda	160,2	millj.
Gjald af ýmsum duldum greiðslum o.fl.	30,7	"
Gjald af innlendri framleiðslu og þjónustu	19,9	"
Gjöld af bifreiðum og ferðakostnaði erlendis	11,7	"
Gjald af innlendum tollvörutegundum	5,5	"
Greiðsla frá gjaldeyrisbönkunum	10,0	"
	<hr/>	
Samtals	238,0	millj.

Að auki er svo boðað að leggja eigi á sérstakan stóreignaskatt, sem nemi 80 millj. króna, en ekki mun verða gert ráð fyrir að greiðist nema um 15 millj. kr. af þeim skatti á þessu ári.

Hinum nýju sköttum á að verja þannig:

Auknar uppbætur til bátaútvegsins	38,6	millj.
Auknar uppbætur til togaranna	38,0	"
Auknar uppbætur til fiskvinnslu	9,2	"
Hækkun verðbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir	20,0	"
Halli framleiðslusjóðs 1956	20,7	"
Eftirstöðvar innflutningsréttinda 1956	15,0	"
Vegna olíufarmgjalda	22,5	"
Vegna aukinnar niðurgreiðslu á innlendum afurðum	24,0	"
Til ýmissa þarfa ríkissjóðs	50,0	"
	<hr/>	
Samtals	238,0	millj.

Ríkisstjórnin hefir í sambandi við þessa skattaálagningu tekið upp nýstárleg vinnubrögð, sem eru ekki til fyrirmyndar. Eru þau í því fólgin að láta málöggn sín og talsmenn halda uppi stórkostlegum blekkingum bæði varðandi efni hinnar nýju löggjafar og afleiðingar af þessum stórfelldu skattaálögum. Sjálf er löggjöfin þannig orðuð, að ógjörlegt er fyrir almenning borgara að átta sig á, hvað í henni felst, þótt hann lesi lögin yfir. Í blöðum stjórnarliðsins hefur því einkum verið haldið á lofti, að með þessari löggjöf séu niður felld bátagjaldeyrisfríðindin og söluskattur í smásölu. Þetta er að vísu rétt, en það er hins vegar fullkomin blekking að hér sé um að ræða nokkur hlunnindi fyrir almenning, því að öll þessi gjöld eru innheimt eftir sem áður undir nýjum nöfnum, enda lýsti ríkisstjórnin því yfir, að með tillögum sínum væri hún ekki aðeins að krefja þjóðina um 250 millj. í nýjum sköttum og tollum, heldur væri með tillögunum verið að "millifæra" 500 millj. yfir til útgerðarinnar.

Stjórnarliðið reynir að halda því fram, að hinar nýju stórfelldu álögur verði ekki tilfinnanlegar fyrir almenning í landinu vegna þess að allar helztu lífsnauðsynjar séu undanþegnar. Hér er enn ein blekking á ferðinni. Þriðjungur innflutningsins mun að vísu undanþeginn hinum nýju sköttum, en meginhluti þessa innflutnings eru ekki nauðsynjavörur almennings, heldur rekstrarvörur atvinnuveganna. Ennfremur liggur það í augum uppi, að 2/3 innflutningsins geta með engu móti talist lúxusvarningur.



Það er því tvímælalaust, að meginhlutinn af hinum nýju álögum lendar á almennri neyzlu þjóðarinnar.

Þegar framleiðslusjóðslögin voru til meðferðar á Alþingi um næst síðustu áramót, komst núverandi ráðherra, Gylfi Þ. Gíslason, meðal annars svo að orði:

"Ég sagði áðan, að þetta frumvarp væri í raun og veru engin lausn á grundvallaratriði þess vanda, sem að steðjar. Það er áframhald af rangindaráðstöfunum undanfarinna ára. Fyrir 6 árum kom gengislækkunin, af því að tvöfalt gengi var talið enn verra, svo kom tvöfalda gengið, það er bátagjaldeyririnn, af því að skattar og tollar voru taldir enn verri og nú loksins koma skattarnir og styrkirnir, sem ávallt hafa verið taldir það versta, svo við höfum fengið allt þrennt. Við höfum fengið gengislækkunina, við höfum fengið/skattana og styrkina. Hæstvirt ríkisstjórn leggur til að gera það, sem hún var búin að segja þjóðinni í 6 ár, að aldrei mætti gera. Sú stjórn, sem gerir slíkt, á að fara, hún getur ekki haft traust þjóðarinnar".

Þáttagjaldeyririnn og við höfum fengið

Það er hollt að hafa þessi munnmæli í huga, þegar athugað er, hvað fellst í fyrstu þjargráðatillögum vinstri stjórnarinnar. Í einu og sama frumvarpi vinstri stjórnarinnar er að finna gengislækkun, skatta, styrki og niðurgreiðslur í því skyni að falska vísitöluna og bátagjaldeyririnn er enn við líði undir nýju nafni. Við höfum því samkvæmt skoðun Gylfa Þ. Gíslasonar fengið það langversta, sem hugsanlegt var. Gylfi Þ. Gíslason hefur sjálfur kveðið upp þann dóm, "að sú stjórn, sem gerir slíkt, á að fara".

Hin nýju úrræði ríkisstjórnarinnar byggjast fyrst og fremst á því, að hægt sé að halda niðri kaupgjaldsvísitölnunni með auknum niðurgreiðslum á vöruverði og með því að undanbyggja helztu vísitöluvörur hinni nýju skattlagningu. Þegar Sjálfstæðismenn lögðu á s.l. ári fram, í þáverandi ríkisstjórn, tillögur sínar um auknar niðurgreiðslur til þess að koma í veg fyrir hækkun vísitölnunnar, voru þau úrræði mjög fordæmd af öllum núverandi stjórnarflokkum. Um þetta snjallræði vinstri stjórnarinnar komst þjóðviljinn svo að orði 9. marz 1956:

"Það hafa verið lagðar 240-250 millj. kr. álögur á þjóðina. Nú ætlar ríkissjóður að endurgreiða 21 millj. af þeirri upphæð, en afganginn 220-230 millj. kr. eiga launþegar að bera algerlega bótalaust án nokkurra kauphækkana. Þetta er tillaga um stórvægilegustu fölsun, sem nokkru sinni hefur verið gerð á vísitölnunni. Hinar alræmdu aðgerðir fyrstu stjórnar Alþýðuflokksins eru hégómi einn hjá þessu .....

- Tillögur íhaldsins fela það í sér, að kaupgjaldið verður raunverulega bundið með reikningsbrellum, enda þótt búið sé að hækka verðlagið um á 3. hundrað millj. Þær jafngilda því mjög verulega lækkun á raunverulegu kaupum og þar með aukinni dýrtíð og skertum lífsskjörum alls almennings".

Og að lokum hlýtur svo sú spurning að vakna í huga manna: Hvernig stóð á að kommúnistar og Alþýðuflokksmenn völdu nú ekki þann kostinn, sem töldu eðlilegastan í fyrri, að taka gróða banka og svokallaðra auðfélaga í stað þess að taka svo að segja allt í almennum neyzlusköttum? Bankarnir eiga að vísu

að leggja fram 10 millj. nú, en það er aðeins lítill hluti þeirrar upphæðar, sem kommúnistar töldu í fyrra, að eðlilegt væri að þeir greiddu. Þá er og gert ráð fyrir að leggja á sérstakan stóreignaskatt, en sá skattur virðist nánast á lagður til þess að hinir háu, almennu skattar líti ekki eins illa út í augum almennings, því að ekki er gert ráð fyrir að stóreignaskattur þessi renni til útflutningsframleiðslunnar. Öll stóryrði núverandi sjávarútvegsmálaráðherra um oliúgróðann eru nú rokin út í veður og vind, og hann er meira að segja sannur að því að ætla með stjórnarráðstöfun að tryggja einu oliufélaginu 15 millj. kr. gróða á fáum mánuðum. Hefði áreiðanlega mátt sjá stórar fyrirsagnir á síðum Þjóðviljans, ef fyrrverandi ríkisstjórn hefði átt hlut að slíkri ráðstöfun. Að öðru leyti er ekki kostur að ræða oliuhneykslið hér nánar, því að bréf þetta er þegar orðið það langt, enda hefir það mál rækilega verið rætt í blöðum að undanfögnu og öll atvik þess máls liggja ljóst fyrir.

#### HVAÐ HEFIR UNNIZT Í SAMSTARFINU VIÐ KOMMÚNISTA.

Þegar í öll skjól er fokið fyrir stjórnarliðinu, heldur það sér þó enn dauðahaldi í eitt hálmstrá. Það er sú staðhæfing, að hvað sem öðru líði, þá hafi þó núverandi ríkisstjórn tekizt það, sem engri ríkisstjórn hafi áður tekizt, að ná samkomulagi við stéttasamtökin í landinu um þær ráðstafanir í efnahagsmálum, sem nú hafa verið gerðar. Hér sé um mjög merkilegt afrek að ræða, sem ekki hefði tekizt að vinna nema með samstarfi núverandi stjórnarflokka.

Hér er um fullkomna þlekkingu að ræða. Það er ekkert nýtt, að leitað hafi verið samstarfs við stéttasamtökin, bæði samtök verkamanna og bænda í sambandi við ýmsar aðgerðir í efnahagsmálum, bæði fyrr og síðar, þótt misjafn árangur yrði af því samstarfi. Meðan lýðræðissinnar fóru með völd í Alþýðusambandi Íslands voru höfð samráð við stjórn Alþýðusambandsins varðandi ýmsar ráðstafanir ríkisstjórnarinnar, efnt hefir verið til stéttaráðstefnu um efnahagsmálin og bændasamtökin hafa áður sýnt það virðingaverða fordæmi að gefa eftir af afurðaverði bænda og þannig lagt mikilvægan skerf fram til baráttu gegn dýrtíðinni, þótt árangurinn yrði ekki sá, sem vonast var eftir. Þá hafði nýsköpunarstjórnin einnig á sínum tíma náð samstarfi við verkalyðshreyfinguna. Einnig þetta skrautblóm núverandi ríkisstjórnar visnar því í höndum hennar.

Það er auðvitað mikilvægt, að ráðstafanir, sem gerðar eru í efnahags- og fjármálum þjóðarinnar á hverjum tíma, njóti skilnings og stuðnings hinna áhrifaríku stéttasamtaka í landinu. Hitt verður þó að teljast mjög varhugavert, ef örlagaríkar ákvarðanir í helztu vandamálum þjóðarinnar færast út fyrir vegg löggjafarþingsins og úrslit þeirra vandamála eru látin vera því háð, hvað hægt sé að bræða saman í stjórnnum ýmissa stéttafélaga. Þótt stéttafélög launþega og framleiðenda hafi vitanlega hinu mikilvægasta hlutverki að gegna í þjóðfélaginu, þá gerir þó sú stjórnskipan, sem við búum við, ótvírætt ráð fyrir því, að löggjöf landsins sé ákveðin af þar til kjörnum fulltrúum þjóðarinnar á Alþingi. Sú aðferð núverandi ríkisstjórnar að leggja tillögur sínar í því mesta vandamáli, sem þjóðin á nú við að glíma, fyrst fyrir trúnaðarmenn ýmissa stéttasamtaka áður en Alþingi sjálf fékk einu sinni vitneskju um tillögurnar, verður að teljast mjög varhugavert fordæmi og hættulegt fyrir þingræðið í landinu. Þegar samráðin við ýmis hagsmunasamtök í landinu eru færð þannig út í öfgar, þá er Alþingi raunverulega orðin þýðingarlaus stofnun, því að forsenda samkomulagsins hlýtur að vera sú, að Alþingi ekki breyti tillögunum eftir að stéttafulltrúarnir hafa gengið frá þeim.

Foringjar Framsóknarflokksins og Alþýðuflokksins hafa afsakað stjórnarsamstarfið við kommúnista, fyrst og fremst með

því, að þar sem þeir hafi ráðið samtök um verkalyðsins, hafi ekki verið auðið að koma á nauðsynlegri samvinnu við þessi völdugu samtök nema með því móti að hafa kommúnista með í ríkisstjórn. Hér er enn ein blekking á borð borin fyrir þjóðina. Sannleikurinn er sá, að það eru einmitt ýmsir af stuðningsmönnum og jafnvel forystumönnum þessara tveggja flokka, sem bera ábyrgðina á því, að kommúnistar ráða Alþýðusambandi Íslands, og hvenær sem stofnað væri til einlægs samstarfs lýðræðisflokkanna innan verkalyðshreyfingarinnar, þá væri auðvelt að brjóta áhrifa-vald kommúnista þar á bak aftur. Það eru þeir Hannibal Valdemarsson og Hermann Jónasson, sem fyrst og fremst eru ábyrgir fyrir því, að kommúnistar ráða íslenskri verkalyðshreyfingu nú í dag og hafa í sínum höndum alla yfirstjórn Alþýðusambands Íslands.

En úr því að Framsóknarmenn og Alþýðuflokksmenn léku þann æfintýraleik að leiða kommúnista, sem nú eru fordæmdir með öllum frjálsum þjóðum, til æðstu valda á Íslandi, þá hlutu stuðningsmenn þessara tveggja flokka að vanta þess, að með þessu samstarfi tækist að fá samþykktar og tryggja framkvæmd á nægilega röt-tækum ráðstöfunum til þess að tryggja þá varanlegu lausn efnahagsmálanna, sem Framsóknar- og Alþýðuflokksforingjarnir hafa mest talað um. Kommúnistar eiga mesta sök á því verðbólgu-flóði, sem skollið hefur yfir þjóðina og það gæti hafa reynzt veigamikil afsökun fyrir samvinnunni við kommúnista, ef með þeirri samvinnu hefði verið hægt að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma framleiðslu-atvinnuvegunum á réttan kjöl. En niðurstaðan varð allt önnur. Með nýjum bráðabirgðaurræðum er framleiðslunni fleytt áfram og afleiðingin af hinum stórkostlegu nýju skattaálögum hlýtur að verða ört vaxandi dýrtíð og verðbólga, svo að erfiðleikar atvinnuveganna verða enn meiri um næstu áramót.

Um þetta eru Sjálfstæðismenn ekki einir til sagna, því að við atkvæðagreiðslu í Alþingi um bjargráðin gerði sá af þingmönnum stjórnarliðsins, sem helzt hefir þekkingu á útvegsmálum, fyrrv. sjávarútvegsmálaráðherra, Áki Jakobsson, svohljóðandi grein fyrir atkvæði sínu:

"Ég tel þá lausn á vandamálum sjávarútvegsins, sem felst í þessu frumvarpi, mjög ófullkomna, þar sem hún er við það miðuð að gera taprekstur sjávarútvegsins og styrkgreiðslur honum til handa að varanlegu fyrirkomulagi. Sú stórfellda skattheimta, sem hér er lögfest, mun valda truflunum, sem munu leiða til stöðvunar í atvinnu- og viðskiptalífi þjóðarinnar. Ég harma það, að ekki skuli nú hafa náðst samkomulag um varanlega lausn þessara mála, en með því að ég vil ekki, að til stöðvunar geti komið í sjávarútvegi þjóðarinnar á næsta ári, greiði ég atkvæði með frumvarpinu og segi já".

Niðurstaðan af allri baráttu Hermanns Jónassonar hefur því orðið sú ein, að ríkisstjórn hans er orðin að viðundri bæði innan lands og utan, en kommúnistar hafa í bili keypt sér líf með þátttöku í ríkisstjórn einmitt á þeim tíma, þegar þeim reið á mestu að losna úr einangrun sinni.

Þótt Hermann Jónasson hafi mjög stært sig á því að hafa neytt kommúnista í stjórnarsamstarfinu til þess að hverfa frá fyrri stefnu sinni á mörgum sviðum, þá virðast kommúnistar hafa að verulegu leyti ráðið þeirri stefnu, ef stefnu skyldi kalla, sem valin var í efnahagsmálunum. Má þessu til stuðnings benda á eftirtektarverð ummæli, sem birtust í blaði forsætisráðherra, Tímanum, eftir að hinir erlendu sérfræðingar, sem ríkisstjórnin

kvaddi hingað, höfðu skilað álitsgjörð sinni um efnahagsmálin. Þann 23. september s.l. mátti lesa eftirfarandi umsögn í Tímanum:

"Árangurinn, sem þarf að nást, er meðal annars þessi: Það þarf að skapa þá tiltrú, að kapphlaupið milli verðlags og kaupgjalds sé stöðvað að mestu eða öllu og því megi aftur fara að trú á verðgildi gjaldmiðilsins. Með því eykst sparnaður inn á við og tiltrú út á við, en hvort tveggja er nauðsynleg undirstaða þess, að hægt verði að afla þess fjár, er þjóðin þarf til að byggja upp og auka atvinnuvegi sína.

Það þarf að koma því til vegar, að sá atvinnuvegur þjóðarinnar, sem raunverulega er samkeppnisfærasti atvinnuvegur hennar, sjávarútvegurinn, hætti að vera helzti styrkþeginn í þjóðfélaginu. Það skapar rangar og hættulegar hugmyndir um hina mikilvægu stöðu hans í efnahagskerfi þjóðarinnar og veldur því, að bæði fjármagn og vinnuafli leitar þangað síður en skyldi. Það er tímanna tákni, að þessi atvinnuvegur skuli rekinn að verulegu leyti með erlendu vinnuafli. Sjávarútveginum verður að skapa þá aðstöðu og virðingu, er honum ber, en það getur ekki orðið meðan fjárhagsmálunum er svo kostulega fyrir komið, að hann er stærsti styrkþegi þjóðfélagsins.

Það þarf að stefna að því, að efnahagskerfið sé sem lausast við höft og þvinganir. Höft geta verið óhjákvæmileg sem neyðarúrræði og geta gert gagn um stundarsakir, en þau geta gerst jafn skaðleg til langframa. Þess vegna vinna nú stjórnir jafnaðarmanna t.d. á Norðurlöndum engu síður að því að komast hjá höftum en ríkisstjórnir borgaralegra flokka. Ástæðan er sú, að höftin verka oftast lamandi á atvinnulífið til langframa og alltaf hlýtur líka að fylgja þeim ýmiskonar hlutdrægni, hversu ágætir menn sem eiga að framkvæma þau".

Og enn segir Tíminn 30. sept. 1956:

"Þetta sýnir best hve núverandi stjórn tekur við erfiðu og vandasömu starfi. Hún þarf að komast efnahagsmálum þjóðarinnar á réttan kjöl, svo að hjól framleiðslunnar stöðvið ekki fyrr en varir. Hún þarf að hefja sjávarútveginn úr uppbótarkeninu, svo að hann fái þá aðstöðu og álit, sem honum ber."

Við þessi ummæli þarf engu að bæta, en það er gott að benda Framsóknarmönnum á að bera þau saman við þau úrræði, sem ríkisstjórnin að lokum lét lögfesta og geta menn nokkuð af ummælunum ráðið, hversu sterk tók Hermann Jónasson hefur á þeim óhappaðflum, sem hann hefur leitt til æðstu valda á Íslandi. Er raunar ljóst, að forsætisráðherrann hefur eigi aðeins misst öll tók á þessum óhappaðflum, heldur lamað svo manndóm flokksbræðra sinna, að meira að segja Eysteinn Jónsson gaf þá eftirtektarverðu yfirlýsingu á Alþingi við "bjárgráða"-umræðurnar, að það væru alltaf beztu úrræðin, sem verkalýðssamtökin (þ.e. hin kommúnistiska stjórn þeirra) vildi samþykkja.

AFSTAÐA SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS.

Þegar Sjálfstæðismenn hafa deilt á vandræðafálm ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálunum og algjör svik hennar við fyrri loforð og yfirlýsingar, þá hefur stjórnarliðið mjög hneykslázt yfir því, að Sjálfstæðismenn skuli leyfa sér slíka gagnrýni, án þess jafnframt að bera sjálfir fram ákveðnar tillögur um hvað gera skuli í efnahagsmálunum.

Ástæðan til þess, að Sjálfstæðismenn báru ekki fram neinar tillögur í sambandi við efnahagsmálafrumvarp ríkisstjórnarinnar er augljós og auðskilin. Sjálfstæðismenn hafa undanfarinn hálfan annan áratug átt hlut að margvíslegum ráðstöfunum í efnahags- og dýrtíðarmálum og hafa þær verið mismunandi eftir því hvernig aðstæður hafa verið hverju sinni. Þegar þjóðin var að stranda í uppþótarfeni 1949, mörkuðu þeir nýja stefnu, sem leiddi til stórauðsins jafnvægis í efnahagsmálum þjóðarinnar og vaxandi trú manna á gildi gjaldmiðilsins á árunum 1952-54. Þessi árangur var eyðilagður með verkfallinu 1955. Um áramótin 1955-1956 gripu Sjálfstæðismenn ásamt Framsóknarmönnum til þess úrræðis að auka all verulega styrki til útflutningsframleiðslunnar, til þess að veða á móti afleiðingum verkfallanna. Til þess að sporna gegn því, að þessar ráðstafanir ykju enn tilkostnað útflutningsframleiðslunnar, lögðu Sjálfstæðismenn loks til, skömmu eftir áramót, að komið yrði í veg fyrir hækkun vísitölnunnar með niðurgreiðslum úr ríkissjóði. Sjálfstæðismenn bentu á það í síðustu kosningum, að það væri falskenning hjá Framsóknarmönnum og Alþýðuflokksmönnum, að til væri eitthvert leynivopn í efnahagsmálunum eða úrræði, sem enzt gætu um langa framtíð. Leiðirnar til að leysa vandamál framleiðsluatvinnuveganna væru fáar og lögju ljóst fyrir. Hver leiðin valin væri hverju sinni ylti á því, hvernig ástand og horfur væru í efnahags- og fjármálum á þeim tíma.

Í sambandi við tillögur þær, sem Sjálfstæðismenn hafa gert á undanförunum árum í efnahagsmálunum, hafa þeir haft við að styðjast margvíslegar sérfræðilegar athuganir. Núverandi ríkisstjórn boðaði strax eftir að hún tók við völdum, að hún gæti ekki lagt fram sínar tillögur í efnahagsmálunum nema að undan-genginni rækilegri rannsókn og "úttekt" á þjóðarþúinu. Var því jafnframt lýst yfir með miklu stærilæti í aðalblaði forsætisráðherra, að nú yrðu tekin upp ný vinnubrögð og væntanleg úttekt látin fara fram fyrir opnum tjöldum, svo að þjóðin gæti kynnst hinu raunverulega ástandi í efnahagsmálunum. Í frásögn Tímans af ræðu Hermanns Jónassonar á fundi Framsóknarfélaganna í Reykjavík 7. okt. s.l. er sagt, að hann hafi lagt á það áherzlu "að rannsókn á öllum greinum framleiðslu og þjóðarþúskapar, sem unnt mundi að byggja á, væri ekkert flýttisverk og þyrfti víða að draga að föng".

Þegar svo ríkisstjórnin loks, eftir margra vikna athugun innlendra og erlendra sérfræðinga, leggur tillögur sínar fyrir Alþingi, þá eru þær svo flóknar, að mjög erfitt er að átta sig á hvað í þeim raunverulega felist. Engin nýtileg greinargerð fylgdi frumvarpinu, engin svör fengust við fyrirspurnum Sjálfstæðismanna í Alþingi um einstök atriði málsins og undirbuning þess. Sjálfstæðismenn fengu ekki að sjá álitgerð hinna erlendu sérfræðinga og fengu heldur ekki aðgang að rannsóknnum sérfræðinga ríkisstjórnarinnar á hag sjávarútvegsins og málið var knúið í gegnum Alþingi á 3 dögum. Þegar ölli þessi atvik málsins eru höfð í huga, gefur auga leið, að þess var enginn kostur fyrir Sjálfstæðisflokkinn að bera fram sjálfstæðar tillögur um lausn efnahagsvandamála, þar sem honum var neitað um allar þær upplýsingar, sem óumflýjanlegar voru til þess að mynda sér skoðun um það, hvað eðlilegast væri að gera.

## ÞINGROF OG NÝJAR KOSNINGAR.

Í Tímanum 23. sept. 1956 segir svo:

"Hér í blaðinu var því oft rækilega lýst fyrir kosningarnar á s.l. sumri, að tvö mál bæri nú hærra en önnur og mundi sjálfstæði og afkoma þjóðarinnar mjög velta á því, hvernig tækist til með lausn þeirra. Þessi mál væru varnarmálin og efnahagsmálin".

Hér er ótvírætt staðfest, hver voru aðal kosningamál bandalags Alþýðuflokksins og Framsóknarflokksins og að til kosninganna var stofnað ári áður en kjörtímabili lauk einmitt vegna þeirra röksemda þessara bandalagsflokka, að taka yrði upp algerlega nýja stefnu í þessum málum.

Hér að framan hefur verið rakið í meginatriðum, hver kosningastefna bandalagsflokka og núverandi samstarfsmanna þeirra, kommúnistanna, var í þessum tveimur höfuðmálum og sannað með sterkum rökum, að núverandi ríkisstjórn hefur í þáðum þessum málum gersamlega brugðist þeirri stefnu, sem stjórnarflokkarnir túlkuðu fyrir kjósendum landsins s.l. sumar.

Frjálsar kosningar eru undirstaða lýðræðislegra stjórnhátta, en til þess að kosningar gefi rétta mynd af þjóðarviljanum, þá verða kjósendurnir að vita, hver er stefna þeirra frambjóðenda og flokka, sem leita eftir umboði þjóðarinnar. Bregðist flokkar gersamlega þeirri stefnu, sem þeir boða við þingkosningar, þá er ekki lengur nein trygging fyrir því, að ríkisstjórn slíkra flokka njóti nægilegs stuðnings þjóðarinnar, til þess að fara með völd í landinu. Vilji viðkomandi flokkar beygja sig fyrir eðlilegum lýðræðisreglum, þegar þannig er ástatt, ber þeim skylda til að leggja hina nýju stefnu sína undir dóm kjósenda að nýju.

Það er því með hliðsjón af þessum sjálfsögðu lýðræðisreglum, sem Sjálfstæðisflokkurinn hefir lagt til á Alþingi, að þing verði rofið og efnt til nýrra kosninga þegar á næsta vori. Stjórnarliðar hafa talið þessa tillögu furðulega fyrir þá sök, að raunverulega hafi stjórnin ekki gert annað en ganga inn á ýmis sjónarmið Sjálfstæðisflokksins, bæði í varnarmálunum og efnahagsmálunum og megi því Sjálfstæðismenn vel við una. Hér er auðvitað um reginmisskilning að ræða. Uppistaða áróðurs stjórnarflokka anna fyrir síðustu þingkosningar voru heiftarlegar árásir á Sjálfstæðisflokkinn fyrir afstöðu hans bæði í varnarmálum og efnahagsmálum og Sjálfstæðisflokkurinn talinn óhæfur til forustu í þeim málum. Etla má, að það fólk, sem veitti núverandi stjórnarflokkum stuðning, hafi tekið þessar staðhæfingar forustumanna sinna góðar og gildar. Þegar hinsvegar þessir sömu foringjar stjórnarliðsins hafa með orðum sínum og athöfnum staðfest, að árásirnar á Sjálfstæðisflokkinn voru blekkingar einar og falskenningar, þá er engum efa bundið, að það mundi hafa mikil áhrif á afstöðu kjósenda, ef gengið væri til kosninga, eftir að slíkar yfirlýsingar hafa verið gefnar.

## MIKILVEGT HLUTVERK.

Svo sem segir í upphafi þessa bréfs verður það fyrst og fremst hlutverk trúnaðarmanna Sjálfstæðisflokksins að gera þjóðinni grein fyrir hinum ógiftusamlega ferli núverandi ríkisstjórnar og hafa forustu um að fylkja öllu þjóðhollu liði saman til þess að hrifsa fjöregg þjóðarinnar úr höndum þeirra æfintýramanna, sem nú leika með það. Á undanförunum áratugum hefir Sjálfstæðisflokkurinn verið kjölfestan í íslenzku þjóðfélagi, og "Tíminn" hefir lýst því yfir, að í hálfan annan áratug hafi Sjálfstæðisflokkurinn haft öll lykklavöld um

afgreiðslu mála í þjóðfélaginu. Þetta tímabil hefir verið mesta framfaratímabil í sögu þjóðarinnar. Á því tímabili hefur þjóðin hlotið fullt sjálfstæði og með giftusamlegri forystu Sjálfstæðismanna í utanríkismálum hins unga lýðveldis hefur þjóðin unnið sér traust og viðurkenningu annarra lýðfrjálsra þjóða. Á sviði efnahagsmálanna hefur verið sótt fram hröðum skrefum, atvinnuvegirnir eflst með ári hverju og framleiðslan vaxið svo mjög, að núverandi viðskiptamálaráðherra hefur staðfest það opinberlega, að ekki sé ástæða til svartsýni um hag þjóðarinnar, þegar útflutningsverðmætin aukist um 100 millj. árlega. Vegna styrjaldarinnar og vegna áhrifa annarra flokka hefur þjóðin búið við margvísleg höft á athafnafrelsi sínu, en fyrir vaxandi áhrif Sjálfstæðisflokksins hefur á síðustu árum verið stefnt til aukins frelsis, sem örfað hefur þjóðfélagsborgarana til framtaks og dáða. Núverandi ríkisstjórn boðar afturhverf til hins fullkomna haftakerfis fyrirstriðs-áranna og einkenni stjórnarstefnunnar er vantraust á þjóðfélagsborgurunum og ofsóknir í garð frjáls framtaks í þjóðfélaginu. Með öryggismál þjóðarinnar og virðingu hennar og sóma á alþjóðavettvangi er leikið af fullkomnu ábyrgðarleysi.

Öll þjóðholl öfl verða því að slá skjaldborg um heiður þjóðarinnar, frelsi hennar og framtíð.

Með vinsemd og virðingu,

F.h. miðstjórnar Sjálfstæðisflokksins,

*Magnús Jónsson*